



# FRÉTTABRÉF HROSSARÆKTARSAMTAKA SUÐURLANDS

26. OKTÓBER 2005

## FRÉTTIR FRÁ STJÓRN

### EFNI BRÉFSINS:

FRÉTTIR FRÁ STJÓRN	1
FUNDARBOÐ	1
FOLALDA-SÝNING	2
ADGANGUR AÐ WORLDFENG	2
DNA ÆTTERNIS-GREINING	2
SKÝRSLU-HALDIÐ Í HROSSARÆKT	2

### Á DÖFINNI

- Folaldasýning í Ölfushöllinni 29. október 2005
- Haustundur Hrossaræktarsamtakanna í Þingborg 3. nóv. 2005 kl. 20:30

Á síðasta aðalfundi félagsins voru samþykktar breytingar á félagskerfi Hrossaræktarsamtakanna og horfið frá deildarskipulaginu og tekin upp bein félagsaðild félagsmanna, þannig að fulltrúalyðræðið heyrir nú sögunni til. Allir félagsmenn geta nú mætt á fundi félagsins (aðalfund, haustfund) með fullum réttindum og væntum við þess að félagsmenn nýti félagsréttindi sín og mæti vel á haustfundinn þann 3. nóv. nk. Félagsmenn HS eru nú þegar þetta er skrifað 415. Minnt er á að félagsmenn fá aðgang að Worldfeng endurgjaldslaut.

Stóðhestum sambandsins fer enn fækkandi, en Andvari var seldur fyrir stuttu. HS seldi sinn hlut til einstaklings og HEP seldu 15 félagsmönnum sínum sinn hlut. Salan hefur verið gagnrýnd, m.a. að Andvari hafi ekki verið auglýstur áður en hann var seldur. Stjórninni barst gott tilboð í hestinn sem þurfti að taka afstöðu til strax og var það mat stjórnar að ekki væri verjandi að hafna því í ljósi þess að sala hestsins væri í takt við samþykka stefnu samtakanna, hesturinn væri gamall orðinn og frjósemi

hans hefði daprast hin síðari ár. Gauti hefur verið auglýstur til sölu og eru góðar vonir um að hann verði seldur nú í framhaldi af því. Galsi er ekki í sérstakri sölumeðferð en kann að verða seldur ef gott tilboð berst í hann.

Sæðingastöðin í Gunnarsholti var starfrækt með venjubundnum hætti á síðasta vori. Þátttaka var með allra besta móti, en hins vegar var fyljunarhlutfall sæddra hryssna það lakasta frá upphafi. Ástæða þess er aðalega slök sæðisgæði hjá sumum stóðhestum sem notaðir voru. Einnig hafði kuldi og þurrkar í vor áhrif á grassprettu, þannig að aðstæður voru á margan hátt erfiðar.

Útlit er fyrir verulegan halla af starfseminni í ár sem þyngir

róðurinn verulega. Nú er unnið að því að finna starfseminni framtíðargrundvöll og að ná meiri einingu á landsvísu um starfsemi Sæðingastöðvarinnar.

Undirbúningur sýninga vetrarins er í fullum gangi, en byrjað verður á folaldasýningu þann 29. okt. nk. Ungfolasýningin verður þann 18. mars og verður væntanlega annað sýningarefni með. Ræktunar-sýningin verður svo laugar-daginn 29. apríl í vor.

Allar fundargerðir stjórnar er að finna á slóðinni [www.bssl.is](http://www.bssl.is). Þar er einnig að finna ýmsar upplýsingar um samtökin.

**Hrafnkell Karlsson,**  
formaður

### FUNDARBOÐ

Haustfundur Hrossaræktarsamtaka Suðurlands verður haldinn í **Þingborg fimmtudaginn 3. nóvember og hefst kl. 20:30**. Eftirfarandi aðilar verða með framsögu á fundinum: Kristinn Guðnason fjallar um nýtt átaksverkefni, Guðlaugur Antonsson um DNA-ætternisgreiningu og kynbótasýningar og Páll Stefánsson um framtíð Sæðingastöðvarinnar og frjósemi stóðhesta.

Stjórnin hvetur félagsmenn til að fjölmenna á fundinn og taka þátt í umræðum en þetta er fyrsti haustfundurinn eftir að félagsaðild í samtökin var breytt.

**DNA ÆTTERNISGREINING****AÐGANGUR AÐ  
WORLD FENG**

Eins og vonandi öllum félagsmönnum er kunnugt um eiga félagsmenn rétt á fríum aðgangi að WorldFeng gagnagrunni hrossaræktarinnar. Hvetjum við félagsmenn til að nýta sér þennan rétt.

WorldFengur er mjög einfaldur í notkun og þurfa menn því ekki að hafa mikla kunnáttu á tölvur til að geta nýtt sér hann. Í WorldFeng er að finna viðamiklar upplýsingar um á þriðja hundrað þúsund íslenskra hesta hérlendis og erlendis. Þar má m.a. finna upplýsingar um ættartölu, afkvæmi, kynbótadóma, eigendur, ræktendur, kynbótamat, liti, örmerki og fleira.

Það eina sem skuldlaus félagsmaður þarf að gera er að hringja eða senda tölvupóst til Hrefnu Hreinsdóttur hjá Bændasamtökum Íslands og fá úthlutað leyniorði, síminn hjá henni er 563-0300, netfang hh@bondi.is. Áskriftin gildir til 1. júní ár hvert og endurnýjast sjálfkrafa hafi félagsmenn greitt félagsgjöldin fyrir þann tíma.

Alltaf er verið að leitast við að minnka líkur á að hross séu ranglega ættfærð. Víða erlendis er gerð sú krafa að búið sé að DNA ætternisgreina hross áður en þau eru skráð inn í gagnabanka viðkomandi lands. Fagrað hefur því ákveðið að hrinda af stað verkefni sem miðar að því að DNA ætternisgreina sem mestan hluta ræktunarhópsins. Verkefnið er styrkt af Stofnverndarsjóði Íslenska hestakynsins á þann átt að öllum hryssum sem náð hafa 7,5 eða hærra aðaleinkunn í dómi fá greininguna frítt. Verð fyrir greiningu á hverju sýni er 1.600 kr. fyrir utan vsk. Ræktendur verða hins vegar að greiða kostnað við sýnatöku og



akstur. Eru ræktendur hvattir til að láta taka sýni úr öllum hryssum með

7,50 og yfir í aðaleinkunn en með því móti ætti að nást til þess hóps hryssna sem virkur er í ræktunarstarfinu. Einnig væri æskilegt að taka sýni úr öllum merföldum og efnilegum mertryppum.

Sýnatöku mun hefjast nú á haustmánuðum og er stefnt að því að þeim

verði lokið í marsbyrjun. Búnaðarsamböndin á hverju svæði munu sjá um sýnatöku og gjaldheimtu þar að lútandi.

Hægt er að fá nánari upplýsingar hjá Búnaðarsambandi Suðurlands í síma 480-1800 eða á netfanginu halla@bssl.is.

**SKÝRSLUHALDIÐ Í HROSSARÆKT**


Nú líður að því að þátttakendur í skýrsluhaldinu í hrossarækt fái sendar folalda- og afdrifaskýrslu. Ræktendur eru hvattir til að skila þeim tímalega. Ef einhverjir hafa trassað skil á skýrslum er þeim bent á að aldrei er of seint að skila. Þeir sem enn eru ekki þátttakendur í skýrsluhaldinu geta aflað sér upplýsinga um það á heimasíðu Búnaðarsambands Suðurlands, www.bssl.is, en þar útskýrt hvernig skýrsluhaldið byggist upp og hvar er hægt að nálgast eyðublöð.

**FOLALDASÝNING**

Undanfarin ár hafa Hrossaræktarsamtökin staðið fyrir folaldasýningu í Ölfushöllinni í Ingólfshvoli. Að þessu sinni verður sýningin laugardaginn 29. október og hefst kl. 20:30.

Folöldunum verður lýst og þeim gefnar einkunnir og áhorfendur taka þátt í vali á álitlegustu folöldunum. Einnig verða heiðurshryssa Suðurlands og afreksknapi Suðurlands heiðruð.

Upplýsingar gefur Óðinn Örn Jóhannsson í síma 866 1230.

**Fréttabréf Hrossaræktarsamtaka  
Suðurlands**

Útgefandi: Hrossaræktarsamtök  
Suðurlands

Ábyrgðarmaður: Halla Eygló  
Sveinsdóttir